

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 71 97. ár

Miðvikudaginn 23. júní 2004

Laus störf

Laus störf við grunnskólana í Vestmannaeyjum skólaárið 2004-2005.

Við Hamarsskóla í Vestmannaeyjum: Tónmennt, heimilisfræði, raungreinar, enska og danska. Einnig er laus 50% staða deildarstjóra á yngsta stigi.

Umsækjendur hafi samband við Halldóru Magnúsdóttur skólastjóra í síma 481-2644 og 481-2265.

Við Barnaskóla Vestmannaeyja: Almenn bekkjarkennsla, danska, íþróttir, textilmennt, tónmennt og tæknimennt.

Upplýsingar gefa Hjálmsfríður Sveinsdóttir skólastjóri, hjalmfr@ismennt.is og Björn Elíasson aðstoðarskólastjóri, bjorne@ismennt.is sími 481-1944.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí nk.

Vestmannaeyjum, 15. júní 2004.

Erna Jóhannesdóttir fræðslufulltrúi.

(7387)

Stefnur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Sparisjóðurinn í Keflavík, kt. 610269-3389, Tjarnargötu 12, 230 Keflavík.

Stefnda: Brynja K. Kristjánsdóttir, kt. 110356-3909, heimilisfang óþekkt.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Nökkvi Már Jónsson hdl, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 898.810, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 898.810 frá 6. maí 2003 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati virðulegs dóms. Auk þess er krafist virðisauka-skatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi stofnaði kortareikning nr. 1836. Samkvæmt reikningsfirliti nam skuldin hinn 6. maí 2003, þegar reikningnum var lokað, samtals kr. 898.810 sem er stefnufjárhæðin.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt þjóðskrá er Brynja óstaðsett í hús. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Krafa stefnanda er byggð á því að stefndi hafi brotið gegn skyldu sinni samkvæmt sérstökum samningi við stefnanda um að hafa ætíð næga innistæðu á reikningi sínum við bankann. Með því að ávísa á innistæðulausan reikninginn hefur myndast þar

Tilkynning

um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum	Vextir alls á ári f.o.m. 1. júní 2004
1. Grunnur dráttarvaxta ¹⁾	5,3%
2. Vanefndaálag ²⁾	11,7%
3. Dráttarvextir ³⁾	17,0%
II. Almennir vextir	
1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	8,0%
2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	5,4%
3. Vextir af skaðabótakröfum ⁵⁾	5,3%
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt ⁶⁾	
1. Bandaríkjadollurum	5,0%
2. Sterlingspundum	7,5%
3. Dönskum krónum	5,5%
4. Norskum krónum	5,5%
5. Sænskum krónum	5,5%
6. Svissneskum frönskum	5,0%
7. Japönskum jenum	5,0%
8. Evrum ⁷⁾	5,5%

- Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.
- Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.
- Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.
- Almenna vexti skv. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða. Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
- Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laganna.
- Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“
- Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. júní 2004, fellur úr gildi tilkynning nr. 4/2004 dags. 23. apríl 2004 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Endurbirt vegna villu í grunni dráttarvaxta, sbr. kafla I.1.

Reykjavík, 21. maí 2004.
Seðlabanki Íslands.

Auglýsing

um breytingu á aðalskipulagi fyrir Drangsnes, Kaldrananeshreppi

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 1. mgr., 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Aðalskipulagsbreytingin nær til tveggja lóða. Önnur er ætluð fyrir sundlaug með nauðsynlegri aðstöðu og hin fyrir dæluhús hitaveitunnar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Kaldrananeshrepps, að Holtagötu, Drangnesi, frá og með 23. júní 2004 til og með 21. júlí 2004.

Beim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þann 4. ágúst 2004 og þeir sem það ekki gera teljast samþykkir henni. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu oddvita Kaldrananeshrepps.

Drangnesi, 11. júní 2004.
F.h. sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps,
Jenný Jensdóttir oddviti.

7332)

Auglýsing

um deiliskipulag á frístundalóð norðan Krókatjarnar, þjóðskrárnr.

9000-1080

Á fundi bæjarstjórnar þann 26. maí 2004 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir frístunda-lóð norðan Krókatjarnar, þjóðskrárnr. 9000-1080.

Skipulagstillagan nær til frístundalóðar sem er 5,6 ha norðaustan við tjörnina og nær lóðin að tjarnarbakka.

Tillagan verður til sýnis í afgreiðslu bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, að Þverholti 2, fyrstu hæð frá 23. júní 2004 til 23. júlí 2004. Athugasemdir ef einhverjar eru, skulu hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar fyrir 5. ágúst 2004. Jafnframt má kynna sér tillöguna á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is undir framkvæmdir.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Mosfellsbæ, 11. júní 2004.
Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.

7334)

Auglýsing

um skipulagsmál í Reykjanesbæ

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.

Í samræmi við 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.

Breytingin felst m.a. í stækkun á iðnaðarsvæði um 1,7 ha og breyttri legu affallsæðar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 frá og með 23. júní 2004 til 14. júlí 2004.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 14. júlí 2004.

Skila skal inn athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og
skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

7391)

Auglýsing

um aðalskipulag Siglufjarðar 2003-2023, deiliskipulag við Hverfisgötu og Háveg og breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018

1. Tillaga að aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023.

Tillaga að aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Tillagan nær til alls sveitarfélagsins Siglufjarðar og er sett fram í greinargerð, þéttbýlisuppdrætti í mkv. 1:10.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:35.000.

2. Tillaga að deiliskipulagi við Hverfisgötu og Háveg.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með auglýst tillaga að deili-skipulagi við Hverfisgötu og Háveg.

Deiliskipulagstillagan sýnir breyttar vegtengingar og göngustíga.

3. Breyting á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018.

Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018.

Breytingarnar felast meðal annars í breyttri landnotkun og breytingu á strandvernd.

skuld sem nemur stefnufjárhæðinni. Stefnandi á því kröfu á því að fá skuldina greidda. Banka-kostnaðar er krafist í samræmi við gjaldskrá Sparisjóða, sem sett er með stoð í lögum nr. 43/1993, og stefnda hefur samþykkt að hlíta. Dráttarvaxtakrafan byggist á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutn-ingsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts-íns við ákvörðun málskostnaðar. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalið skjal til sönnunar kröfum sínum: 1. Reikn-ingsyfirlit.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfumar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, þann 8. september 2004, kl. 14.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfumar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Keflavík, 1. júní 2004.
F.h. stefnanda,
Nökkvi Már Jónsson hdl.

(6637

**Sparisjóðurinn í Keflavík,
kt. 610269-3389,
Tjarnargötu 12, 230 Keflavík**

gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál á hendur Önnu Kristínu Axelsdóttur, kt. 020976-5869, óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Nökkvi Már Jónsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd in solidum með Kolbrúnu S. Jónsdóttur, kt. 040754-4319, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 603.829, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, frá 1. febrúar 2003 til greiðsludags og bankakostnað, kr. 23.230.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram-lögðum málskostnaðarreikningi eða að mati virðulegs dóms. Auk þess er krafist virðisauka-skatts af málflutningsþóknun.

Lýsing heimildarskjals:

- | | |
|---------------------------------|--|
| 1. Skuldabréf, útgefandi: | Anna Kristín Axelsdóttir. |
| 2. Aðalskuldari: | Anna Kristín Axelsdóttir, kt. 020976-5869. |
| Ábyrgðarmaður: | Kolbrún Sandholt Jónsdóttir, kt. 040754-4319. |
| 3. Útgáfudagur: | 28. maí 1998. |
| 4. Upphaflegur kröfuhafi: | Sparisjóðurinn í Keflavík. |
| 5. Fjárhæð á síðasta gjalddaga: | 598.148. |
| 6. Skilmálar: | 245 gjalddagar með 1 mánaða millibili. |
| 7. Vaxtaákvæði: | Kjörvextir verðtr. Sparisjóðslána. |
| 8. Í vanskilum frá: | 1. febrúar 2003. |
| 9. Innheimtustofnun: | 1109, Sparisjóðurinn í Keflavík. |
| 10. Tilvísun: | 418607/418607. |
| 11. Annað: | Skuldabréf nr. 418607 upphaflega tryggt með veði í Bergvegi 14, Keflavík en veðbandslausn var gerð þann 20. júní 2002. |

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á skuldabréfi því er lýst er í heimildar-skjali og lagt verður fram sem dskj. nr. 3. Höfuðstóll skuldabréfsins er bundinn neyslu-vísitölu, sem var á útgáfudegi bréfsins, 183,1 stig. Til tryggingar greiðslu skuldarinnar var veðsett fasteignin Bergvegur 14 í Keflavík. Veðbandslausn var gerð þann 20. júní 2002 og veðinu þar með létt af eigninni. Eftirstöðvar þess, er það fór í vanskil þann 1. febrúar 2003 voru kr. 600.298. Áfallnir samningsvextir þann dag voru kr. 3.531, og bankakostnaður kr. 23.230, eða samtals kr. 627.059, sem er stefnu-fjárhæðin. Þar sem stefnda, Anna Kristín, greiddi eigi afborgun né áfallna vexti á gjald-daga var skuldin gjaldfelld þann dag. Stefnda, Kolbrún, hefur ábyrgst greiðslu skuldarinnar sem sjálfskuldarábyrgðarmaður.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Þann 26. maí 2004 var mál þetta þingfest og því frestað þar sem ekki náðist birting stefnu fyrir stefndu í tæka tíð fyrir þingfestingu málsins.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt þjóðskrá býr Anna Kristín Axelsdóttir í Svíþjóð og reynt var að birta stefnu fyrir henni þar, en tókst ekki og ekki er vitað nánar um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglna samningaréttarins um skuldbindingagildi lof-orða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum númer 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Bankakostnaðar er krafist í samræmi við gjaldskrá Sparisjóða, sem sett er með stoð í lög-um nr. 43/1993, og stefndu hafa samþykkt að hlíta. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðis-aukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskatt-skyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins þann 26. maí 2004 lagði stefnandi fram m.a. eftirtalið skjal til sönnunar kröfum sínum: 1. Skuldabréf m/ sjálfsk.ábyrgð.

Áskorun og viðvör: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, þann 8. september 2004, kl. 14.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfaranhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Keflavík, 27. maí 2004.
F.h. stefnanda,
Nökki Már Jónsson hdl.

(6638

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. maí 2004 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skip-aður skiptastjóri í búunum.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Breyting á landbúnaðarsvæðum í óbyggð svæði.
- Breyting á frístundasvæðum.
- Breyting á umfangi strandverndar í botni Siglufjarðar.
- Breyting á afmörkun svæða sem eru á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Siglufjarðar, Gránugötu 24 frá kl. 8.00 til 16.00 alla virka daga frá 23. júní 2004 til 21. júlí 2004.

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist byggingarfulltrúa eigi síðar en kl. 16.00 miðvikudaginn 4. ágúst 2004.

Hægt verður að nálgast uppdretti og texta greinargerðar aðalskipulagsins á heimasíðu Siglu-fjarðar <http://www.siglo.is> frá og með 23. júní 2004.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Siglufirði, 20. júní 2004.
Byggingarfulltrúi.

7402)

Auglýsing

um deiliskipulag – Eyvindarholt 1, Sveitarfélaginu Álftanesi

Bæjarstjórn Álftaness auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi landspildunnar Eyvindarholts 1, Álftanesi, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagssvæðið afmarkast af mörkum lands Eyvindarholts 1, sem liggur austanvert við Norðurnesveg. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir íbúðarlóð með einu einbýlishúsi í Eyvindarholti 1, auk óbyggðs svæðis innan veghelgunarsvæðis meðfram Norðurnesvegi.

Skipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Álftaness, Bjarnastöðum, frá kl. 8.00-16.00 alla virka daga frá 23. júní til 23. júlí 2004.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipu-lagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 4. ágúst 2004. Athugasemdum skal skilað til skipulagsfulltrúa Álftaness, Bjarnastöðum.

Þeir, sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Bæjarstjórinn á Álftanesi.

7403)

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn viðkomandi bús.			Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 19. maí 2004, voru neðan-greind bú tekin til gjaldþrotaskipta.		
Nafn bús: Nýi Esjuskálinn ehf., kt. 620399-2569, Vallargrund 3, Reykjavík	Frestdagur: 26. mars 2004	Skiptafundur: föstudaginn 17. sept. 2004 kl. 9.30	Nafn bús: Örninn ehf., bókhaldsþjónusta, kt. 671195-2729, Nethyl 2, Reykjavík	Frestdagur: 19. mars 2004	Skiptafundur: föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 10.00
(6610 a			(6833 a		
Aðall ehf., kt. 650269-7649, Austurstræti 10, Reykjavík	26. mars 2004	föstudaginn 17. sept. 2004 kl. 10.30	Vörudreifing ehf., kt. 680396-2139, Ljósheimum 20, Reykjavík	19. mars 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 10.30
(6611 a			(6834 a		
Hönnun - almanna- tengsl ehf., kt. 690499-3639, Nýlendugötu 22, Reykjavík	26. mars 2004	föstudaginn 17. sept. 2004 kl. 11.30	M-2000 ehf., kt. 420999-2349, Fífuseli 7, Reykjavík	14. jan. 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 11.00
(6612 a			(6835 a		
Tár ehf., kt. 551200-3370, Jórufelli 10, Reykjavík	5. apríl 2004	föstudaginn 17. sept. 2004 kl. 13.30	Valli ehf., kt. 550500-2560, Langagerði 86, Reykjavík	9. mars 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 14.00
(6613 a			(6836 a		
Íslandsrækja ehf., kt. 670795-2179, Vesturbergi 98, Reykjavík	5. apríl 2004	föstudaginn 17. sept. 2004 kl. 14.30	Intereye- Framabraut ehf., kt. 530696-2869, Laugavegi 22a, Reykjavík	9. mars 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 14.30
(6614 a			(6837 a		

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrota-búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessara innkallana.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Bæjarhrauni 8, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarhrauni 8, 2. hæð, Hafnarfirði, á ofangreindum tímum.

Skrár yfir lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofunni síðustu viku fyrir fundina.

Komi ekkert fram um hugsanlegar eignir í búunum má búast við að skiptum verði lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Hafnarfirði, 1. júní 2004.
Guðmundur Kristjánsson hrl.

Reykjavík, 4. júní 2004.
Guðmundur Ágústsson hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 25. maí 2004, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Geysir ehf., kt. 570169-4409, Seilugranda 11, Reykjavík	Frestdagur: 9. mars 2004	Skiptafundur: föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 9.30
		(6840 a
Java ehf., kt. 421001-3160, Vitastíg 10 a, Reykjavík	26. mars 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 10.00
		(6841 a
Grand Ísland ehf., kt. 440292-2409, Breiðuvík 21, Reykjavík	26. mars 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 10.30
		(6842 a
Borgarbílasalan ehf., kt. 490701-2650, Grensásvegi 11, Reykjavík	19. jan. 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 11.00
		(6843 a
Öldur ehf., kt. 680100-2330, Miklubraut 16, Reykjavík	26. mars 2004	föstudaginn 3. sept. 2004 kl. 11.30
		(6844 a

Hér með er skorað á alla þá, er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Hátúni 6a, 105 Reykjavík eða í pósthólf 26, 121 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Hátúni 6a, 105 Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 4. júní 2004.
Guðmundur H. Pétursson hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 1. júní 2004, voru eftirtalin bú tek-in til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Marta Bryndís Marteinsdóttir, kt. 260257-4719, Gautlandi 21, Reykjavík	Frestdagur: 31. mars 2004	Skiptafundur: miðvikudaginn 15. sept. 2004 kl. 10.00
		(6845 a
Snorri Þór Eysteinnsson, kt. 060367-4269, Laufengi 16, Reykjavík	31. mars 2004	miðvikudaginn 15. sept. 2004 kl. 10.30
		(6846 a
Rafmark ehf., kt. 480987-1289, Hólmaseli 2, Reykjavík	15. des. 2003	miðvikudaginn 15. sept. 2004 kl. 11.00
		(6847 a

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum, eða telja til eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár yfir lýstar kröfur og taka ákvarðanir um málefni búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Lág-

múla 7, 5. hæð, Reykjavík á ofangreindum tím-um.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir fundina.

Reykjavík, 4. júní 2004.
F.h. Gunnars Jóhanns Birgissonar hrl.,
skiptastjóra,
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 3. júní 2004 voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrit-uð skipuð skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn hvers bús.

Nafn bús: Binos ehf., kt. 650297-2619, óþekkt götunafn, 201 Kópavogi	Frestdagur: 21. apríl 2004	Skiptafundur: miðvikudaginn 15. sept. 2004 kl. 9.00
		(6850 a
RDB Öryggis-þjónusta ehf., kt. 570901-2650, Klapparstíg 18, Reykjavík	26. apríl 2004	miðvikudaginn 15. sept. 2004 kl. 9.30
		(6851 a
Vilfríður Þórðardóttir, kt. 180845-7719, Hlíðsnesi 1, 225 Álftanesi	7. apríl 2004	miðvikudaginn 15. sept. 2004 kl. 10.00
		(6852 a

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra til Emblu lögmannsstofu, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og eftir atvikum ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 4. hæð, 108 Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrár yfir lýstar kröfur í þrotabúunum, munu liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skipta-stjóra, síðustu vikuna fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 7. júní 2004.
Herdís Hallmarsdóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 7. maí 2004 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri við skipti þess.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Nafn dánarbús: Guðmundur Auðunsson, kt. 040214-5779, síðasta heimilisfang Laugarnesvegur 40, Reykjavík	Dánardagur: 12. janúar 2004
--	---

Reykjavík, 1. júní 2004.
Kristinn Bjarnason hrl.,
skiptastjóri.

(6821 b

Með úrskurði tilgreinds héraðsdóms voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sömu daga var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Guðmundur Ljóðsson, kt. 050838-7499, Snorrabraut 56, Reykjavík	Úrskurðard. gjaldþr.sk.: héraðsdómur Reykjavíkur 1. júní 2004	Frestdagur: 26. maí 2004	Skiptafundur: 10. sept. 2004 kl. 9.00
			(6822 b
Hafnarfiskur ehf., kt. 650497-2369, Krosseyrar-vegi 17, Höfn	héraðsdómur Austurlands 2. júní 2004	6. feb. 2004	17. sept. 2004 kl. 15.00
			(6823 b
Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabú-unum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.			
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.			
Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík, á ofangreindum tímum.			
Skrár yfir lýstar kröfur í þrotabúin munu liggja frammi á fundarstað, síðustu viku fyrir skiptafundina.			
Reykjavík, 3. júní 2004. Kristinn Bjarnason hrl., skiptastjóri.			

Skiptafundir

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, á neðangreindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar sem liggja mun frammi á fundarstað tvær síðustu vikurnar fyrir fundinn til sýnis fyrir lánardrottna og aðra þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta.

Komi ekki fram andmæli gegn frumvarpinu í síðasta lagi á fundinum áætlar skiptastjóri að ljúka skiptum á búinu á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð í þrotabúinu.

Nafn bús: Álfasteinn ehf., kt. 511281-0329, Íðngörðum, 720 Borgarfirði	Skiptafundur: fimmtudaginn 8. júlí 2004 kl. 9.00
	Fjarðabyggð, 9. júní 2004. Gísli M. Auðbergsson hdl., skiptastjóri.
	(7330

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ráðhústorgi 3, Akureyri á neðangreindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um málefni búsins og höfðun riftunarmála.

Nafn bús: Eyco ehf., kt. 621092-2359, Sólvöllum 1, Akureyri (lögh.) Mosateigi 11, Akureyri (aðs.)	Skiptafundur: föstudaginn 2. júlí 2004 kl. 10.00
	Akureyri, 10. júní 2004. Ingvar Þóroddsson hdl., skiptastjóri.
	(7331

Skiptafundir í neðangreindum þrotabúum verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Lág-múla 5, Reykjavík á neðangreindum tímum.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í síð-asta lagi á fundunum mun skiptum á búunum verða lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: Auður Jónsdóttir, kt. 160259-3379, Safamýri 40, Reykjavík	Skiptafundur: föstudaginn 2. júlí 2004 kl. 9.00
	(7351

Skúli Möller, kt. 200439-4819, Prestastíg 11, Reykjavík	föstudaginn 2. júlí 2004 kl. 9.30	(7352)
Darklight Reykjavík ehf., kt. 450298-2129, Dugguvogi 6, Reykjavík	föstudaginn 2. júlí 2004 kl. 10.00	(7353)
Sameyri ehf., kt. 620299-2359, Eyrarbraut 29, Stokkseyri	föstudaginn 2. júlí 2004 kl. 10.30	(7354)
Reykjavík, 15. júní 2004. Eyvindur G. Gunnarsson hdl., skiptastjóri.		

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 17. febrúar 2004 var eftir-talið bú tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri þrotabúsins.

Óverulegar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið 21. maí 2004, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Ari Biering Hilmarsson, kt. 080954-5739, Þverá, Eyjafjarðarsveit	Fjárhæð lýstra krafna kr.: 23.907.271
Akureyri, 27. maí 2004. Ingvar Þóroddsson hdl.	
(6557)	

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 15. janúar 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta og var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Skiptum lauk 28. maí 2004 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur.

Nafn bús: Ólafur Unnar Kristjánsson, kt. 190862-4459, Grenimel 30, Reykjavík	Fjárhæð lýstra krafna: heildarkröfur: kr. 39.627.661 búskröfur skv. 110. gr. laga nr. 21/1991 (greiddust að fullu) veðkröfur skv. 111. gr. kr. 0 forgangskröfur: kr. 0 almennar kröfur: kr. 39.563.589 eftirstæðar kröfur: kr. 64.072
Reykjavík, 28. maí 2004. Jón G. Briem hrl.	
(6558)	

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum 16. febrúar 2004, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í þeim.

Engar eignir fundust í búunum til greiðslu upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostn-aðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta. Var skiptum því lokið þann 25. maí 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: Falkon ehf., kt. 680993-2549, Vegmúla 2, Reykjavík	Fjárhæð lýstra krafna kr.: 2.470.193
(6559)	
J.A.G. veitingar, kt. 440700-2090, Barmahlíð 27, Reykjavík	15.967.606
(6560)	
Reykjavík, 26. maí 2004. Bjarni Eiríksson hdl.	

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands/ Reykjavíkur voru neðangreind bú tekin til gjald-þrotaskipta. Undirrituð var skipuð skiptastjóri í búunum.

Ekki fundust eignir í búunum umfram skipta-kostnað og lauk skiptum í þeim 21. maí 2004 sam-kvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla

